

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna sorphirðu (sorphreinsunar og sorpeyðingar) í Ísafjarðarbæ.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

| | | | |
|--------------------------|-------------------|-----|---------------|
| A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði | Sorphirðugjald | kr. | 13.500 á íbúð |
| | Sorpeyðingargjald | kr. | 28.080 á íbúð |
| | Sorpgjöld alls | kr. | 41.580 á íbúð |

Sumarbústaðir og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu:

Sorpeyðingargjald kr. 14.000 á fasteign.

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir lögaðilar:

Flokkur Sorpeyðingargjald kr.

| | |
|----|-----------|
| 0 | 0 |
| 1 | 17.600 |
| 2 | 34.100 |
| 3 | 68.200 |
| 4 | 135.300 |
| 5 | 203.500 |
| 6 | 338.800 |
| 7 | 473.000 |
| 8 | 770.000 |
| 9 | 1.188.000 |
| 10 | 1.556.500 |

Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi á móttökustað.

Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum hjá þeim aðilum sem eiga fasteignir. Fyrir aðra greiðendur verður gefinn út sérstakur reikningur í byrjun árs, með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Ef aðili er með rekstur bæði innan og utan marka bæjarfélagsins skal greiða sérstaklega fyrir förgun sorps frá þeim hluta starfseminnar sem staðsett er utan Ísafjarðarbæjar. Fyrir förgun brotajárns skal greiða sérstaklega 5 kr. fyrir hvert kíló. Fyrir förgun óbrennanlegs sorps skal greiða sérstaklega 22 kr. fyrir hvert kíló. Fyrir förgun brennanlegs sorps skal greiða sérstaklega 33 kr. fyrir hvert kíló.

Fyrir förgun spilliefna skal greiða 10 kr. fyrir hvert kíló og fyrir olíumengaðan jarðveg skal greiða sérstaklega 6.600 kr. fyrir hvern rúmmetra. Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma brotajárni á móttökustað í FUNA.

Heimilt er að innheimta fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysingja sem svarar áætluðum urðunarkostnaði sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Geymslugjald fyrir bifreiðar á gámasvæðum Funa er 5.500 kr. fyrir hvern dag.

4. gr.

Að lokinni álagningu gjalda, samkvæmt B-lið 2. gr., gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjaldtöku bæjarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmæti framsettra athugasemda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt samþykkt fyrir sorphirðu hjá Ísafjarðarbæ, nr. 135/2000 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 227/2009.

Ísafirði, 4. janúar 2010.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 9. apríl 2010